

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrri málslíður 16. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 22. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Árni M. Mathiesen.

22. maí 2000

Nr. 93

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990,
um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

- Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 1 14. janúar 1999 og 1. gr. laga nr. 9 16. mars 1999:
- a. Í stað ártalsins „2000“ í 1. mgr. kemur: 2001.
 - b. Í stað ártalsins „2000“ í 2. másl. 3. mgr. kemur: 2001.
 - c. 5. másl. 5. mgr. fellur brott.

2. gr.

- Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða XXIII við lögin, sbr. ákvæði til bráðabirgða I við lög nr. 1 14. janúar 1999 og 2. gr. laga nr. 9 16. mars 1999:
- a. Í stað orðanna „1998/1999 og 1999/2000“ í 1. mgr. kemur: 1998/1999, 1999/2000 og 2000/2001.
 - b. 3. másl. 4. mgr. orðast svo: Heimilt er að flytja allt að 20% af þorskaflahámarki frá einu fiskveiðiári yfir til þess næsta á eftir.
 - c. Í stað orðanna „á hvoru fiskveiðiári 1998/1999 og 1999/2000“ í 6. mgr. kemur: á hverju fiskveiðiári.
 - d. Í stað orðanna „hvoru fiskveiðiári“ í síðasta málslíð 6. mgr. kemur: hverju fiskveiðiári.
 - e. Í stað orðanna „á hvoru fiskveiðiári 1998/1999 og 1999/2000“ í fyrri málslíð 8. mgr. kemur: á hverju fiskveiðiári.
 - f. Í stað orðanna „hvoru fiskveiðiári“ í síðari málslíð 8. mgr. kemur: hverju fiskveiðiári.

- g. Í stað orðanna „1998/1999 og 1999/2000“ í 11. mgr. kemur: 1998/1999, 1999/2000 og 2000/2001.
- h. Í stað orðanna „á fiskveiðiarinu 1999/2000“ í 12. mgr. kemur: á fiskveiðiarunum 1999/2000 og 2000/2001.
- i. Í stað orðanna „1998/1999 og 1999/2000“ í 2. másl. 14. mgr. kemur: 1998/1999, 1999/2000 og 2000/2001.
- j. Í stað orðanna „til upphafs fiskveiðisins 2000/2001“ í 1. másl. 15. mgr. kemur: til 1. september 2001.
- k. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hafi krókaafhlutdeild í þorski verið flutt á fiskveiðiarinu 1999/2000 af báti sem krókaleyfi hefur með takmörkun á þorski skv. 6. og 8. mgr. til báts sem krókaleyfi hefur með þorskaflahámarki, sbr. 4. mgr., skal úthluta þeim báti sem þorskaflahlutdeildin var flutt af veiðileyfi með þorskaflahámarki á fiskveiðiarinu 2000/2001 nema eigandi þess báts velji veiðileyfi með krókaflamarki.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða XXIV við lög, sbr. ákvæði til bráðabirgða II við lög nr. 1 14. janúar 1999 og 3. gr. laga nr. 9 16. mars 1999:

- a. 7. mgr. orðast svo:

Bátum sem veiðileyfi hafa með krókaflamarki er aðeins heimilt að stunda veiðar úr þeim tegundum er þeir hafa krókaflamark í og tegundum sem ekki sæta takmörkunum á leyfilegum heildarafla. Ráðherra skal þó setja reglur um leyfðan meðafla.

- b. Við ákvæðið bætist ný málsgrein og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða XXIII við lög er Fiskistofu heimilt að veita bátum veiðileyfi með krókaflamarki á fiskveiðiarinu 2000/2001 að uppfylltum skilyrðum skv. 5. gr. laganna. Eigendum báta sem stunda veiðar samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XXIII við lög er heimilt að velja veiðileyfi með krókaflamarki á fiskveiðiarinu 2000/2001 sæki þeir um slíkt leyfi til Fiskistofu fyrir 15. júní 2000, en úthlutað krókaflamark þeirra getur þó aldrei orðið hærra en sem leiðir af krókaafhlutdeildum þeim sem bundnar voru á viðkomandi skipi 1. apríl 2000. Hafi aðili selt krókabát sinn án krókaafhlutdeilda á tímabilinu frá 15. janúar 1999 til 1. apríl 2000 getur Fiskistofa heimilað flutning þeirra krókaafhlutdeilda sem við bátinn voru bundnar til báts sem veiðileyfi fær með krókaflamarki, enda leggi hann fram við Fiskistofu, eigi síðar en 15. júní 2000, samning um sölu bátsins, greinargerð um ráðstöfun krókaafhlutdeilda og beiðni um flutning þeirra.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 22. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Árni M. Mathiesen.